

Þjónustusamningur/samstarfssamningur

Þjónustusamningur/samstarfssamningur vegna íþróttastarfs barna og unglunga í Skaftárhreppi. Skaftárhreppur, kt. 480690-2069 og Ungmennafélagið ÁS, kt. 440479-0149, nefnt hér eftir UMFÁS, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning/samstarfssamning.

1.gr.

Tilgangur og áherslur:

Samningi þessum er ætlað að efla samstarf milli Skaftárhrepps og UMFÁS, tryggja öflugt íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarf fyrir börn og unglunga í sveitarfélaginu. Markmið samningsins er að tryggja faglegt, fjölbreytt og aðgengilegt íþróttastarf, byggt á jöfnum tækifærum og heilbrigðum lífsstíl. Skaftárhreppur viðurkennir mikilvægi íþrótt- og forvarnarstarfs UMFÁS og metur það sem mikilvægan þátt í heildstæðri velferð barna og fjölskyldna í samfélaginu. Við upphaf samnings skal UMFÁS upplýsa Skaftárhrepp um fjölda iðkenda innan UMFÁS. UMFÁS skipuleggur og sér um íþróttastarf barna og unglunga í Skaftárhreppi og skipuleggur þátttöku þeirra í íþróttakeppnum. UMFÁS mun sjá um og skipuleggja íþróttastarf og hreyfingu fyrir íbúa Skaftárhrepps sem eru 60 ára og eldri.

2.gr.

Heilsueflandi:

UMFÁS vinnur að útbreiðslu íþróttastarfs meðal annars með skipulögðum æfingum fyrir bæði börn, unglunga og fullorðna í fjölbreyttum íþróttagreinum og er þannig mikilvægur liður í heilsueflandi samfélagi. Framboð greina getur verið mismunandi en hafa skal fjölbreytni að leiðarljósi.

3.gr.

Fjölmenningsarsamfélag:

Skaftárhreppur er fjölmenningsarsamfélag þar sem rétt um helmingur íbúa eru af erlendu bergi brotnir frá um 30 þjóðernum. Í fjölmenningsarlegu samfélagi er lítið á fjölbreytileika sem sjálfsagðan hlut og lögð er áhersla á inngildingu. Inngilding felur í sér að viðurkenna og virða fjölbreytileika og gera alltaf ráð fyrir honum. Inngilding snýr að því að virkja allt fólk til þátttöku, jafna tækifæri og gera fjölbreyttum hópi fólks kleift að taka þátt í ákvarðanatöku. Mikilvægt er að UMFÁS komi á móts við iðkendur af erlendum uppruna og foreldra eða forsjáraðila þeirra. UMFÁS skuldbindur sig til þess að vinna eftir inngildingarstefnu Skaftárhrepps og leggur áherslu á jafnt aðgengi og þátttöku allra að íþrótt- og tómstundastarfi.

96 7

4.gr.

Íþróttamannvirki:

Skaftárhreppur á og rekur svo sem íþróttahús og sundlaug á Kirkjubæjarklaustri og leggur metnað í að halda þessum mannvirkjum í góðu ástandi. Skaftárhreppur sér um viðhald íþróttamannvirkja eftir því sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins leyfir á hverju sinni.

UMFÁS fær aðgang að öllum íþróttamannvirkjum Skaftárhrepps, endurgjaldslaust, fyrir æfingar sínar í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja. Skaftárhreppur hefur forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma fyrir nemendur. Almenna reglan er að nemendur hafi fyrsta forgang svo UMFÁS og síðan almennir tímar. Hliðra skal æfingatímum UMFÁS vegna sérstakra atburða á vegum sveitarfélagsins.

Þegar kappleikir, fjölíðamót og aðrir íþróttaviðburðir á vegum UMFÁS eru í íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins, er umsjón móta og leikja alfarið í höndum UMFÁS. UMFÁS skuldbindur sig til að sjá til þess að iðkendur, keppendur, þjálfarar og aðrir starfsmenn á vegum UMFÁS gangi vel um og fari í einu og öllu að umgengnisreglum íþróttamiðstöðvarinnar á æfingum, mótum og öðrum viðburðum á vegum UMFÁS. Gerð er krafa um að samráð sé á milli þjálfara/mótsstjóra/ábyrgðarmanna og forstöðumanns íþróttamannvirkja og/eða starfsmanna íþróttamiðstöðvarinnar. Verði tjón á húsnæði og/eða á munum íþróttamiðstöðvarinnar skal það tafarlaust tilkynnt forstöðumanni íþróttamannvirkja með formlegum hætti, skv. umgengnisreglum íþróttamannvirkja. UMFÁS og forstöðumaður íþróttamannvirkja munu verða í samráði með fjárfestingu á búnaði.

5.gr.

Samstarf og samskipti:

Formaður UMFÁS skal vera tengiliður við forstöðumann íþróttamannvirkja, sveitarstjóra og skólastjórnendur. Lögð er rík áhersla á virk samskipti þessara aðila til að tryggja samræmi og forðast árekstra.

Forstöðumaður íþróttamannvirkja og sveitarstjóri skulu vera upplýstir af UMFÁS um þau mál sem kunna að skipta sveitarfélagið máli. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Skaftárhrepps styður við UMFÁS í samráði við stjórn UMFÁS svo sem vegna skipulagningar viðburða eða annarra verkefna sem UMFÁS vinnur að. UMFÁS kappkostar að vera virkur þátttakandi í samfélagsviðburðum innan Skaftárhrepps.

6.gr.

Þjálfarar:

Stjórn UMFÁS skal leggja metnað sinn í að ráða hæfa þjálfara til starfa. Auk þjálfunar skulu þjálfarar hvetja börn og unglinga til heilbrigðs lífnis og reglusemi. Þjálfarar/leiðbeinendur skulu ávallt vera meðvitaðir um að þeir eru fyrirmyndir. Notkun þjálfara/leiðbeinenda á hvers kyns ávanabindandi efnum til dæmis reykingar, áfengi, vape, hvers kyns nikótínþúða, munntóbaks og annara efna er óheimil á æfingu og á æfingasvæði þegar börn og unglingar eru þar á þeirra vegum.

UMFÁS skal koma sér upp vinnureglu um hversu margir iðkendur eru á hvern þjálfara/leiðbeinenda til þess að gæði æfingarinnar verði eins góð og kostur er. Þjálfarar/leiðbeinendur skulu vera mættir 10 mínútum áður en æfing hefst. Þetta er gert til að koma í veg fyrir einelti og halda uppi aga.

UMFÁS skal leitast við að ráða til sín starfsmann til að sinna þjálfun og/eða framkvæmdastjóra ígildi sem jafnframt yrði yfirþjálfari UMFÁS. Styrkur Skaftárhrepps mun taka tillit til þessara starfa samkvæmt 7.gr.

Þjálfari/leiðbeinandi skal sjá til þess að umgengisreglum sé framfylgt í hvívetna á meðan æfingu stendur. Þjálfari/leiðbeinandi skal sjá til þess að umgengnisreglum íþróttamannvirkja sé framfylgt í hvívetna á meðan æfingar standa yfir. Mæti þjálfari/leiðbeinandi eða staðgengill hans ekki fellur æfingatíminn niður og skal tilkynna um slíkt í gegnum Abler. Samstarf milli þjálfara/leiðbeinenda og starfsmanna íþróttamannvirkja skal vera gott og skulu þjálfarar/leiðbeinendur og starfsmenn íþróttamannvirkja hjálpast að og finna lausnir vegna klefagæslu og þeirra atvika sem kunna að koma upp.

UMFÁS ber að kynna siðareglur sínar og viðbragðsáætlanir og fræða þjálfara/leiðbeinendur/umsjónarfólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Einnig þarf að hafa jafnréttisáætlun, sýna fram á að farið sé eftir henni og að aðgerðaráætlun sé skýr. UMFÁS skal viðhalda fyrirmyndarfélagi ÍSÍ. Styrkur samkvæmt 7.gr. er því skilyrtur því að upplýsingum sé skilað til Skaftárhrepps.

7. gr.

Greiðslur og styrkir

Samstarfssamningurinn felur í sér styrk frá Skaftárhreppi til UMFÁS að fjárhæð kr. 4.500.000 á ári, tengt vísitölu launa í janúar 2026 (1.137,3 stig). Styrknum skal varið til eflingar barna- og unglingastarfs innan Skaftárhrepps.

Styrkurinn skiptist með eftirfarandi hætti kr. 500.000- skal greiðast með peningum og kr. 4.000.000- sem launagreiðslur til þjálfara og/eða leiðbeinanda sem greiðast út mánaðarlega eftir framlagningu gagna.

Ef UMFÁS ræður til sín starfsmann sem er um leið framkvæmdastjóri, skal styrkurinn hækka um allt að kr. 5.000.000- sem greiðast út mánaðarlega sem launagreiðslur.

Ef starfsmaður UMFÁS þarf skrifstofuaðstöðu, skal Skaftárhreppur útvega starfsmanninum aðstöðu að Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri, á móti mun UMFÁS setja byggðamerki Skaftárhrepps á keppnisbúninga sína án endurgjalds.

UMFÁS sér alfarið um innheimtu æfingagjalda iðkenda í gegnum skráningarkerfið Abler. Börn og unglingar með lögheimili í Skaftárhreppi sem iðka íþróttir á vegum UMFÁS eru tryggð af sveitarfélaginu. Um er að ræða sambærilega tryggingu og gildir fyrir grunnskólabörn.

FL 

8.gr.

Kynning og eftirfylgni

Stjórn UMFÁS skal sjá til þess að þessi samningurinn verði kynntur fyrir þjálfurum/leiðbeinendum og staðgenglum þeirra. Eins og fram kemur í 1. grein skal samningurinn notaður til að tryggja gæði íþróttar og tómstundastarfs fyrir börn og unglinga í Skaftárhreppi og er því mikilvægt að stjórn UMFÁS sjái um að honum sé framfylgt í hvívetna og geri ráðstafanir ef einstaka deildir/flokkar eða þjálfarar/leiðbeinendur gerast brotlegir gagnvart honum.

9.gr.

Almenn ákvæði og gildistími

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki. Til staðfestingar undirrita samningsaðilar samning þennan í viðurvist tveggja vitundarvotta. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2026 til og með 31. desember 2029. Verði ekki gerður nýr samningur fyrir loka dagsetningu á þessum samningi, framlengist þessi samningur til eins árs og taka upphæðir breytingum samkvæmt vísitölu launa til verðtryggingar árið 2030.


10.

Endurskoðunar- og uppsagnarákvæði


Hvorum aðila um sig er heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins í heild eða einstakra liða ef upp koma hugmyndir um nýjungar, ný verkefni eða forsendur breytast verulega. Segja skal samningnum upp með 3 mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót og greiðist þá styrkur hlutfallslega fyrir það ár. Verði annar hvor aðili samnings þessa uppvís að því að brjóta gróflega eða ítrekað gegn ákvæði eða ákvæðum hans, getur hinn aðilinn krafist tafarlausrar riftunar.

Kirkjubæjarklaustri, 6. mars 2026.

Fyrir hönd Ungmennafélagsins ÁS


Fanney Elfrún Lárusdóttir, formaður

Fyrir hönd Skaftárhrepps


Einar Kristján Jónsson, 

Vottar að undirskrift:

Bryndís Karen Pálsdóttir kt. 171093-3099

Kristín Lárusdóttir kt. 110371-3069